



Kynning á
orði Guðs

© 2014

WATCH TOWER BIBLE
AND TRACT SOCIETY
OF PENNSYLVANIA
© 2014

Wachtturm Bibel- und
Traktat-Gesellschaft der
Zeugen Jehovas,
e. V., Selters/Taunus
Kynning á orði Guðs

Útgefandi: Vottar Jehóva
Prentað í apríl 2014

Þetta rit er ekki til sölu.
Útgáfa þess er þáttur í
alþjóðlegri bibliúfræðslu
sem er kostuð með frjálsum
framlögum.

Vitnað er í íslensku biblíuna
frá 2007 nema annað sé
tekið fram.

*An Introduction to God's
Word*

Icelandic (igw-IC)

Made in Germany

Prentað í Þýskalandi

Druck und Verlag:
Wachtturm-Gesellschaft,
Selters/Taunus

Eigandi þessa bæklinga er

Kynning á orði Guðs

Biblían hefur að geyma boðskap Guðs til okkar. Hún kennir okkur að lifa farsælu lífi og öðlast velpóknun Guðs. Í Biblíunni má einnig finna svör við eftirfarandi spurningum:

1. Hver er Guð?	12. Geta dánir lifað á ný?
2. Hvernig geturðu kynnst Guði?	13. Hvað segir Biblían um vinnu?
3. Hverjir skrifuðu Biblíuna?	14. Hvernig geturðu lært að fara vel með peninga?
4. Er Biblían vísindalega nákvæm?	15. Hvernig geturðu fundið hamingjuna?
5. Hver er boðskapur Biblíunnar?	16. Hvernig geturðu tekist á við áhyggjur og kvíða?
6. Hverju er spáð í Biblíunni um Messias?	17. Hvernig getur Biblían hjálpað fjölskyldunni?
7. Hverju er spáð í Biblíunni um okkar tíma?	18. Hvernig geturðu eignast samband við Guð?
8. Eru þjáningar manna Guði að kenna?	19. Hvað innihalda mismunandi bækur Biblíunnar?
9. Hvers vegna þurfa mennirnir að þjást?	20. Hvernig geturðu haft sem mest gagn af biblíulestri?
10. Hverju er lofað í Biblíunni varðandi framtíðina?	
11. Hvað gerist við dauðann?	

AÐ FINNA BIBLÍUVERS

Biblían er safn 66 minni bóka. Hún skiptist í tvo hluta, Hebresku-arameísku ritningarnar (Gamla testamentið) og Grísku ritningarnar (Nýja testamentið). Hverri bók er skipt í kafla og vers. Þegar vísað er í biblíuvers gefur fyrri talan á eftir bókarheitinu til kynna kaflann og talan á eftir tvípunktinum versið eða versin. Til dæmis á 1. Mósebók 1:1 við 1. Mósebók, kafla 1 og vers 1.

Hver er Guð?

„Að þeir megi komast að raun um, að þú einn heitir Jahve, hinn hæsti yfir allri jörðunni.“

Sálmur 83:19, *Biblían 1908*

„Vitið, að Jahve er Guð, hann hefur skapað oss og hans erum vér.“

Sálmur 100:3, *Biblían 1908*

„Ég er Jahve; það er nafn mitt; og dýrð mína gef ég eigi öðrum né lof mitt úthögnum líkneskjum.“

Jesaja 42:8, *Biblían 1908*

„Því að ,hver sem ákallar nafn Drottins verður hólpinn‘.“

Rómverjabréfið 10:13

„Sérhvert hús hefur einhver gert en Guð er sá sem allt hefur gert.“

Hebreabréfið 3:4

„Hefjið upp augun og horfið til himins. Hver hefur skapað allt þetta? Það er hann sem kannar her stjarnanna, allan með tölu, nefnir þær allar með nafni. Þar sem hann er mikill að mætti og voldugur að afli verður engrar vant.“

Jesaja 40:26



Hvernig geturðu kynnst Guði?

„Þessi lögbók skal ekki víkja úr munni þínum. Þú skalt hugleiða efni hennar dag og nótt svo að þú getir gætt þess að fylgja nákvæmlega því sem þar er skráð, til þess að ná settu marki og þér farnist vel.“

Jósúabók 1:8

„Deir lásu upp úr bókinni, lögmáli Guðs, lögðu það út og skýrðu til þess að fólkið skildi það sem lesið var.“

Nehemíabók 8:8

„Sæll er sá sem eigi fer að ráðum óguðlegra ... heldur hefur yndi af leiðsögn Drottins og hugleiðir lögmál hans dag og nótt ... Allt, sem hann gerir, lánast honum.“

Sálmur 1:1-3

„Filippus skundaði þangað og heyrði manninn vera að lesa Jesaja spámann. Hann spurði: ‚Hvort skilur þú það sem þú ert að lesa?‘ Hinn svaraði: ‚Hvernig ætti ég að geta það ef enginn leiðbeinir mér?‘“

Postulasagan 8:30, 31

„Ósýnilega veru hans, eilífan mátt og guðdómstign má skynja og sjá af verkum hans allt frá sköpun heimsins. Því eru mennirnir án afsökunar.“

Rómverjabréfið 1:20

„Stunda þetta, ver allur í þessu til þess að framför þín sé öllum augljós.“

1. Tímóteusarbréf 4:15

„Gefum gætur hvert að öðru og hvetjum hvert annað til kærleika og góðra verka. Vanrækið ekki safnaðarsamkomur ykkar.“

Hebreabréfið 10:24, 25

„Ef einhvern mann í ykkar hópi brestur visku, þá biðji hann Guð sem gefur öllum örlátlega og átölulaust og honum mun gefast.“

Jakobsbréfið 1:5

Hverjir skrifuðu Biblíuna?

„Því næst skráði Móse öll boð Drottins.“

2. Mósebók 24:4

„Daníel [dreymdi] draum í rekkju sinni og sá sýnir.
Hann skráði síðan drauminn.“

Daníel 7:1

„Þegar þið veittuð viðtöku orði Guðs, sem ég boðaði,
þá tókuð þið ekki við því sem manna orði heldur sem
Guðs orði — eins og það í sannleika er.“

1. Þessaloníkubrэф 2:13

„Sérhver ritning er innblásin af Guði og nytsöm til
fræðslu.“

2. Tímóteusarbrэф 3:16

„Aldrei var nokkur spádómur borinn fram að vilja manns
heldur töluðu menn orð frá Guði, knúðir af heilögum
anda.“

2. Pétursbrэф 1:21

Er Biblían vísindalega nákvæm?

„[Hann] þenur norðrið yfir tómið og lætur jörðina svífa í geimnum.“

Jobsbók 26:7

„Allar ár renna í sjóinn en sjórinn fyllist ekki.
Þangað sem árnar renna munu þær ávallt renna.“

Prédikarinn 1:7

„Það er hann sem situr hátt yfir jarðarkringlunni.“

Jesaja 40:22



Hver er boðskapur Biblíunnar?

„Ég set fjandskap milli þín og konunnar og milli þinna niðja og hennar niðja. Þeir skulu merja höfuð þitt og þú skalt höggva þá í hælinn.“

1. Mósebók 3:15

„Allar þjóðir heims munu blessun hljóta af niðjum þínum vegna þess að þú hlýðnaðist raust minni.“

1. Mósebók 22:18

„Til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.“

Matteus 6:10

„Guð friðarins mun bráðlega sundurmola Satan undir fótum ykkar.“

Rómverjabréfið 16:20

„Þegar allt hefur verið lagt undir hann mun og sonurinn sjálfur skipa sig undir föðurinn er lagði alla hluti undir hann svo að Guð verði allt í öllu.“

1. Korintubréf 15:28

„Nú voru fyrirheitin gefin Abraham og niðja hans ... það er Kristur. Ef þið eruð í samfélagi við Krist þá eruð þið niðjar Abrahams.“

Galatabréfið 3:16, 29

„Drottinn og Kristur hans hafa fengið valdið yfir heiminum og hann mun ríkja um aldir alda.“

Opinberunarbókin 11:15

„Og drekanum mikla var varpað niður, hinum gamla höggormi sem heitir djöfull og Satan og afvegaleiðir alla heimsbyggðina, honum var varpað niður á jörðina og englum hans var varpað niður með honum.“

Opinberunarbókin 12:9

„Hann tók drekan, þann gamla höggorm, sem er djöfull og Satan, og batt hann um þúsund ár.“

Opinberunarbókin 20:2

Hverju er spáð í Biblíunni um Messías?

SPÁDÓMUR

„Dú, Betlehem í Efrata ... frá þér læt ég þann koma er drottna skal í Ísrael.“

Míka 5:1

„Þeir skipta með sér klæðum mínum, kasta hlut um kyrtil minn.“

Sálmur 22:19

UPFYLLING

„Þegar Jesús var fæddur í Betlehem í Júdeu á dögum Heródesar konungs komu vitringar frá Austurlöndum til Jerúsalem.“

Matteus 2:1

„Þegar hermennirnir höfðu krossfest Jesú tóku þeir klæði hans og skiptu í fjóra hluti ... Þeir tóku og kyrtilinn en hann var saumlaus, ofinn í eitt ofan frá og niður úr. Þeir sögðu því hver við annan: ,Rífum hann ekki sundur, köstum heldur hlut um hver skuli fá hann.‘“

Jóhannes 19:23, 24

SPÁDÓMUR

UPFYLLING

„Hann gætir allra beina hans, ekki eitt þeirra skal brotið.“

Sálmur 34:21

„Þegar þeir komu að Jesú og sáu að hann var þegar dáinn brutu þeir ekki fótleggi hans.“

Jóhannes 19:33

„Hann var særður vegna vorra synda.“

Jesaja 53:5

„Einn af hermönnunum stakk spjóti sínu í síðu hans og rann jafnskjótt út blóð og vatn.“

Jóhannes 19:34

„Þeir vógu mér þrjátíu sikla af silfri í laun.“

Sakaría 11:12, 13

„Þá fór einn þeirra tólf, Júdas Ískariót að nafni, til æðstu prestanna og sagði: ‚Hvað viljið þið gefa mér fyrir að framselja ykkur Jesú?‘ En þeir greiddu honum þrjátíu silfurpeninga.“

Matteus 26:14, 15; 27:5

Hverju er spáð í Biblíunni um okkar tíma?

„Þjóð mun rísa gegn þjóð og ríki gegn ríki ... Allt þetta er upphaf fæðingarhríðanna.“

Matteus 24:7, 8

„Fram munu koma margir falsspámenn og leiða marga í villu. Og vegna þess að lögleysi magnast mun kærleikur flestra kólna.“

Matteus 24:11, 12

„Þegar þér spyrjið hernað og ófriðartíðindi þá skelfist ekki. Þetta á að verða en endirinn er ekki þar með kominn.“

Markús 13:7

„Þá verða landskjálftar miklir og drepsóttir og hungur á ýmsum stöðum en ógnir og tákn mikil á himni.“

Lúkas 21:11

„Á síðustu dögum munu koma örðugar tíðir. Menn verða sérgóðir, fégjarnir, raupsamir, hrokafullir, illmálgir, óhlýðnir foreldrum, vanþakklátir, guðlausir, kærleikslausir, ósáttfúsir, rógberandi, taumlausir, grimmir og andsnúnir öllu góðu, sviksamir, framhleypnir, dramsamir og elska munaðarlífið meira en Guð. Þeir hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar en afneita krafti hennar.“

2. Tímóteusarbréf 3:1-5



Eru þjáningar mannanna Guði að kenna?

„Fjarri fer því að Guð breyti ranglega og Hinn almáttki aðhafist illt.“

Jobsbók 34:10

„Enginn má segja er hann verður fyrir freistingu: ‚Guð freistar mín.‘ Hið illa getur eigi freistað Guðs og sjálfur freistar hann einskis manns.“

Jakobsbréfið 1:13

„Varpið allri áhyggju ykkar á hann því að hann ber umhyggju fyrir ykkur.“

1. Pétursbréf 5:7

„Ekki er Drottinn seinn á sér með fyrirheitið þótt sumir álíti það seinlæti, heldur er hann langlyndur við ykkur þar eð hann vill ekki að neinn glatist heldur að allir komist til iðrunar.“

2. Pétursbréf 3:9

Hvers vegna þurfa mennirnir að þjást?

„Hinir fótfráu ráða ekki hlaupinu, né hetjurnar stríðinu, né eiga spekingarnir brauðið víst, né hinir hyggnu auðinn, né hinir vitru vinsældir því að tími og tilviljun hittir þá alla fyrir.“

Prédikarinn 9:11

„Syndin kom inn í heiminn með einum manni og dauðinn með syndinni. Þannig er dauðinn runninn til allra manna því að allir syndguðu þeir.“

Rómverjabréfið 5:12

„Til þess birtist Guðs sonur að hann skyldi brjóta niður verk djöfulsins.“

1. Jóhannesarbréf 3:8

„Allur heimurinn er á valdi hins vonda.“

1. Jóhannesarbréf 5:19

Hverju er lofað í Biblíunni varðandi framtíðina?

„Réttlátir fá landið til eignar og búa þar ævinlega.“

Sálmur 37:29

„Jörðin stendur að eilífu.“

Prédikarinn 1:4

„Hann [mun] afmá dauðann að eilífu. Drottinn Guð mun þerra tárin af hverri ásjónu.“

Jesaja 25:8

„Þá munu augu blindra ljúkast upp og eyru daufra opnast. Þá stekkur hinn halti sem hjörtur og tunga hins mállausa fagnar. Já, vatnslindir spretta upp í eyðimörkinni og lækir í auðninni.“

Jesaja 35:5, 6

„Og hann mun þerra hvert tár af augum þeirra. Og dauðinn mun ekki frammar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er frammar til. Hið fyrra er farið.“

Opinberunarbókin 21:4

„Menn munu reisa hús og búa
í þeim, planta víngarða og neyta
ávaxta þeirra. Menn munu ekki
reisa hús sem annar býr í, ekki
planta og annar neyta en þjóð
mín mun ná aldri trjáanna og mínir
útvöldu njóta ávaxta iðju sinnar.“

Jesaja 65:21, 22



Hvað gerist við dauðann?

„Þegar öndin skilur við þá verða þeir aftur að moldu og áform þeirra verða að engu.“

Sálmur 146:4

„Þeir sem lifa vita að þeir eiga að deyja en hinir dauðu vita ekki neitt ... Allt sem hönd þín megnar að gera með kröftum þínum, gerðu það, því að í dánarheimum, þangað sem þú ferð, er hvorki starfsemi né hyggindi né þekking né viska.“

Prédikarinn 9:5, 10

„[Jesús] sagði síðan við þá: ‚Lazarus, vinur okkar, er sofnaður. En nú fer ég að vekja hann.‘ En Jesús talaði um dauða hans. Þeir héldu hins vegar að hann ætti við venjulegan svefn. Þá sagði Jesús þeim berum orðum: ‚Lazarus er dáinn.‘“

Jóhannes 11:11, 13, 14

Geta dánir lifað á ný?

„Undrist þetta ekki. Sú stund kemur þegar allir þeir sem í gröfunum eru munu heyra raust hans og ganga fram.“

Jóhannes 5:28, 29

„Þá von hef ég til Guðs ... að upp muni rísa bæði réttlátir og ranglátir.“

Postulasagan 24:15

„Ég sá þá dauðu, stóra og smáa, standa frammi fyrir hásetinu og bókunum var lokið upp. Þá var annarri bókinni lokið upp, það var lífsins bók. Og hinir dauðu voru dæmdir eftir verkum sínum eins og ritað var í bókunum. Og hafið skilaði hinum dauðu sem í því voru og dauðinn og hel skiluðu þeim dauðu sem í þeim voru og sérhver hlaut dóm eftir verkum sínum.“

Opinberunarbókin 20:12, 13

Hvað segir Biblían um vinnu?

„Sjáir þú mann vel færan í verki sínu mun hann veita konungum þjónustu sína en ekki þjóna ótignum mönnum.“


Orðskviðirnir 22:29

„Hinn stelvísi hætti að stela en leggi hart að sér og geri það sem gagnlegt er með höndum sínum svo að hann hafi eitthvað að miðla þeim sem þurfandi er.“

Efesusbréfið 4:28

„Að matast, drekka og gleðjast af öllu erfiði sínu, einnig það er Guðs gjöf.“

Prédikarinn 3:13



Hvernig geturðu lært að fara vel með peninga?

„Öreigi verður sá sem sólginn er í skemmtanir, sá sem sólginn er í vín og olíu verður ekki ríkur.“

Orðskviðirnir 21:17

„Lánþeginn verður þræll lánardrottins síns.“

Orðskviðirnir 22:7

„Hver yðar sest ekki fyrst við ef hann ætlar að reisa turn og reiknar kostnaðinn, hvort hann eigi nóg til að ljúka verkinu? Ella má svo fara að hann leggi undirstöðu en fái ekki lokið við og allir, sem það sjá, taki að spotta hann og segja: Þessi maður fór að byggja en gat ekki lokið.“

Lúkas 14:28-30

„Þegar fólkið var orðið mett segir Jesús við lærisveina sína: „Safnið saman leifunum svo ekkert spillist.““

Jóhannes 6:12

Hvernig geturðu fundið hamingjuna?

„Betri er einn skammtur kálmetis með kærleika en alinaut með hatri.“

Orðskviðirnir 15:17

„Ég er Drottinn, Guð þinn, sem kenni þér það sem gagnlegt er, leiði þig þann veg sem þú skalt ganga.“

Jesaja 48:17

„Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði, heldur á hverju því orði, sem fram gengur af Guðs munnni.“

Matteus 4:4

„Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“

Matteus 22:39

„Eins og þér viljið að aðrir menn geri við yður, svo skuluð þér og þeim gera.“

Lúkas 6:31

„Sælir eru þeir sem heyra Guðs orð og varðveita það.“

Lúkas 11:28

„Enginn þiggur líf af eignum sínum þótt auðgur sé.“

Lúkas 12:15

„Ef við höfum fæði og klæði þá látum okkur það nægja.“

1. Tímóteusarbréf 6:8



„Sælla er að gefa
en þiggja.“

Postulasagan 20:35

Hvernig geturðu tekist á við áhyggjur og kvíða?

„Varpa áhyggjum þínum á Drottin, hann mun bera umhyggju fyrir þér, aldrei að eilífu lætur hann réttlátan mann hrasa.“

Sálmur 55:23

„Áform hins iðjusama færa arð en hroðvirkni endar í örbirgð.“

Orðskviðirnir 21:5

„Óttast eigi því að ég er með þér, vertu ekki hræddur því að ég er þinn Guð. Ég styrki þig, ég hjálpa þér, ég styð þig með sigrandi hendi minni.“

Jesaja 41:10

„Hver yðar getur með áhyggjum aukið einni spönn við aldur sinn?“

Matteus 6:27

„Hafið því ekki áhyggjur af morgundeginum. Morgundagurinn mun hafa sínar áhyggjur. Hverjum degi nægir sín þjáning.“

Matteus 6:34

„Metið þá hluti rétt sem máli skipta.“

Filippíbréfið 1:10

„Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú.“

Filippíbréfið 4:6, 7



Hvernig getur Biblían hjálpað fjölskyldunni?

EIGINMENN/FEDUR

„Þannig skulu eiginmennirnir elska konur sínar eins og eigin líkami. Sá sem elskar konu sína elskar sjálfan sig. Enginn hefur nokkru sinni hatað eigið hold heldur elur hann það og annast ... Hver og einn skal elska eiginkonu sína eins og sjálfan sig.“

Efesusbréfið 5:28, 29, 33

„Fedur, reitið ekki börn ykkar til reiði heldur alið þau upp með aga og fræðslu um Drottin.“

Efesusbréfið 6:4

EIGINKONUR

„Konan beri lotningu fyrir manni sínum.“

Efesusbréfið 5:33

„Konur, verið undirgefnar eiginmönnum ykkar eins og sómir þeim er Drottin heyra til.“

Kólossubréfið 3:18

BÖRN

„Börn, hlýðið foreldrum ykkar vegna Drottins því að það er rétt. ‚Heiðra föður þinn og móður‘ – það er hið fyrsta boðorð með fyrirheiti: ‚til þess að þér vegni vel og þú verðir langlífur á jörðinni.‘“

Efesusbréfið 6:1-3

„Börn, verið hlýðin foreldrum ykkar í öllu því að það er Drottni þóknanlegt.“

Kólossubréfið 3:20

Hvernig geturðu eignast samband við Guð?

„Þú, sem heyrir bænir, til þín leita allir menn.“

Sálmur 65:3

„Treystu Drottni af öllu hjarta en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit. Minnstu hans á öllum vegum þínum, þá mun hann gera leiðir þínar greiðar.“

Orðskviðirnir 3:5, 6

„Það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist.“

Jóhannes 17:3

„Eigi er [Guð] langt frá neinum af okkur.“

Postulasagan 17:27

„Þess bið ég að elska ykkar aukist enn þá meir að þekkingu og dómgreind.“

Filippíbréfið 1:9

„Ef einhvern mann í ykkar hópi brestur visku, þá biðji hann Guð sem gefur öllum örlátlega og átölulaust og honum mun gefast.“

Jakobsbréfið 1:5

„Nálægið ykkur Guði og þá mun hann nálgast ykkur. Hreinsið hendur ykkar, þið syndarar, og gerið hjörtun flekklaus, þið tvílyndu.“

Jakobsbréfið 4:8

„Því að elskan til Guðs birtist í að við höldum boðorð hans. Og boðorð hans eru ekki þung.“

1. Jóhannesarbréf 5:3

Hvað innihalda mismunandi bækur Biblíunnar?

HEBRESKU RITNINGARNAR („GAMLA TESTAMENTIÐ“)

MÓSEBÆKURNAR (5. BÆKUR):

1. til 5. Mósebók

Frá sköpuninni til stofnunar Ísraelsþjóðarinnar.

SÖGULEGAR BÆKUR (12 BÆKUR):

Jósúabók, Dómarabókin, Rutarbók

För Ísraelsmanna inn í fyrirheitna landið og atburðirnir í tengslum við það.

1. og 2. Samúelsbók, 1. og 2. Konungabók,

1. og 2. Kroníkubók

Saga Ísraelsþjóðarinnar fram að eyðingu Jerúsalem.

Esrabók, Nehemíabók, Esterarbók

Saga Gyðinga eftir heimkomuna úr útlegðinni í Babýlon.

LJÓÐRÆNAR BÆKUR (5 BÆKUR):

Jobsbók, Sálmarinn, Orðskviðirnir, Prédikarinn, Ljóðaljóðin

Safn spakmæla og ljóða.

SPÁDÓMSBÆKUR (17 BÆKUR)

Jesaja, Jeremía, Harmljóðin, Esekíel, Daníel, Hósea, Jóel, Amos, Óbadía, Jónas, Míka, Nahúm, Habakkuk, Sefanía, Haggái, Sakaríá, Malakí

Spádómar sem snerta þjóð Guðs.

GRÍSKU RITNINGARNAR („NÝJA TESTAMENTIÐ“)

GUÐSPJÖLLIN FJÖGUR (4 BÆKUR):

Matteus, Markús, Lúkas, Jóhannes
Sagan af ævi og þjónustu Jesú.

POSTULASAGAN (1 BÓK):

Sagan af fyrstu árum kristna safnaðarins og trúboði hans.

BRÉFIN (21 BÓK):

Rómverjabréfið, 1. og 2. Korintubríf, Galatabréfið,
Efesusbréfið, Filippibréfið, Kólossubrésið,
1. og 2. Þessaloníkubríf
Bréf til ýmissa kristinna safnaða.

1. og 2. Tímóteusarbréf, Títusarbrésið, Fílemonsbrésið
Bréf til kristinna einstaklinga.

Hebreabrésið, Jakobsbrésið, 1. og 2. Pétursbréf,
1., 2. og 3. Jóhannesarbréf, Júdasarbrésið
Almenn bréf til kristinna manna.

OPINBERUNARBÓKIN (1 BÓK):

Spádómlegar sýnir sem Jóhannes fékk að sjá.

Hvernig geturðu haft sem mest gagn af biblíulestri?

FINNDU SVÖR VIÐ ÞESSUM SPURNINGUM
ÞEGAR ÞÚ LEST Í BIBLÍUNNI:

Hvað segir þetta mér um Jehóva Guð?

Hvernig styðja þessi vers heildarboðskap Biblíunnar?

Hvernig get ég nýtt mér þetta í lífinu?

Hvernig get ég notað þessi vers til að hjálpa öðrum?

„Ditt orð er lampi
fóta minna og ljós
á vegum mínum.“

Sálmur 119:105



Óskarðu nánari upplýsinga?

Hafðu þá samband við Votta Jehóva á vefsíðunni **www.jw.org**.

